

Matvæla og þjónustudeild, skýrsla á aðalfundi 2024

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 8. febrúar 2023.

Á fyrsta fundi stjórnar urðu breytingar í stjórn því Tryggvi var orðinn starfandi varaformaður félagsins. Lagt var til og samþykkt að Beth varaformaður tæki við stjórn deildarinnar og yrði starfandi formaður út starfsárið.

Deildin á tvö sæti í aðalstjórn og þar sem Tryggvi sat þar sem starfandi varaformaður félagsins vantaði einn stjórnarmann úr deildinni inn í aðalstjórn félagsins út starfsárið. Lagt var til og samþykkt að það yrði Baldvin Hreinn Eiðsson frá Kjarnafæði-Norðlenska og hefur hann verið starfandi varaformaður deildarinnar þetta starfsárið.

Hefð hefur verið fyrir því að varaformaður félagsins sé starfsmaður deildarinnar og var jafnframt samþykkt á þessum fyrsta fundi að Tryggvi tæki við því hlutverki af Önnu. Anna sat fundinn og var henni þakkað fyrir hennar störf fyrir deildina, fyrst sem formaður hennar og síðan starfsmaður síðastliðin 23 ár.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. starfið innan deildarinnar, samninganefnd og samningamál, starf félagsins, þing og ársfundi, stöðuna á vinnumarkaði, trúnaðarráð félagsins og margt fleira.

Nú eru í gangi viðræður um nýjan kjarasamning á almenna markaðinum við Samtök atvinnulífsins. Fundað er daglega hjá ríkissáttasemjara en í raun lítið að fréttu. Það er samt krafa frá stjórnvöldum um að gerður verði fjögurra ára samningur þannig að ríkið komi með myndarlegan pakka samhliða nýjum kjarasamningi.

Félagið er alltaf að leita leiða til að ná til fleiri félagsmanna og auka virkni þeirra innan félagsins. Við reynum t.d. eins og hægt er að nota okkar öfluga trúnaðarmannakerfi til að ná til okkar félaga.

Í október og nóvember hélt félagið tæplega 20 fundi með trúnaðarmönnum þar sem þeir gátu farið yfir ýmis mál með starfsmönnum félagsins og nokkrum öðrum trúnaðarmönnum.

Þessir fundir tókust mjög vel og var ýmislegt rætt á þeim, m.a. um starf trúnaðarmannsins og tenginu við félagið, trúnaðarmannanámskeiðin, tímasetningar funda og félagið sjálft. Þarna voru trúnaðarmenn að hittast í fámennum hópum sem skilaði því að allir tóku þátt í umræðunni og komu með mikilvæga punkta sem félagið hefur verið að vinna áfram með.

Tveggja daga vinnufundur aðalstjórnar fór fram um miðjan nóvember. Fundinn sátu einnig starfsmaður stjórnarinnar, skrifstofustjóri og starfsmenn deildarstjórna. Ráðgjafi frá ráðgjafarfyrtækinu Nótera Consulting var fenginn til að skipuleggja og stjórna þessum vinnufundi og var hann settur upp þannig að stjórn og stjórnendur fengu vettvang til að horfa til framtíðar og velta upp ólíkum sviðsmyndum og þeirri mynd sem félagið getur tekið á sig á næstu árum með hliðsjón af þróun samfélags, tilgangi og umfangi starfseminnar.

Á fundinum var m.a. unnið með punkta sem komu úr fundum með trúnaðarmönnum félagsins sem ég minntist á áðan.

Markmið vinnufundarins var þrjúþættur. Í fyrsta lagi að þátttakendur takist á við að skilgreina mögulega framtíðarsýn á stöðu Einingar-Íðju, eftir ákveðið tímabil.

Í öðru lagi var unnið að greiningu þeirra þátta sem verða mikilvægastir til að vinna að þeirri framtíðarsýn.

Í þriðja lagi var unnið að því að fylgja eftir stefnunni og sjá til þess að hún sé í virkri framkvæmd. Það var gert með því að forgangsraða viðfangsefnum og skilgreina síðan verkefni til að vinna farsælega að þeim.

Það fyrsta sem félagsmenn hafa séð úr þessari vinnu er breyttur fundartíma ýmissa funda sem verið hafa undanfarið hjá félaginu, m.a. byrjaði sameiginlegi fundurinn áðan kl. 18:30 eða einni klukkustund fyrr en venjulega.

Nýtt skipulag á trúnaðarmannanámskeiðum er m.a. tilkomin vegna niðurstöðu vinnu þessara funda.

Námið er nú 12 sjálfstæðar einingar í stað fjögurra hluta þar sem nokkrar námseiningar voru kenndar saman. Sex námskeiðanna eru kennd í fjarnámi en hin sex í staðnámi. Á fundunum með trúnaðarmönnum var mikið talað um endurmenntun trúnaðarmanna og því var ákveðið að þeir geti allir skráð sig aftur á námskeið.

Staðnám verður nú einn + einn dagur, mest tveir dagar í senn (í stað þriggja daga áður), en hvor dagur er eitt námskeið. Það þarf að skrá sig á báða dagana ef viðkomandi trúnaðarmaður ætlar að sitja bæði námskeiðin.

Hægt er að taka námskeiðin í hvaða röð sem er, það eina sem félagið fer fram á að þeir trúnaðarmenn sem ekki hafa setið námskeið byrji á að taka námskeiðin Trúnaðarmaður, starf hans og staða og Starfsemi félagsins, kjarasamningar og sjóðir. Þessi námskeið voru einmitt kennd í staðnámi í sal félagsins á Akureyri 1. og 2. febrúar sl. og var mjög góð þátttaka.

Ég hvet alla trúnaðarmenn hér inni til að kíkjá á heimasíðu félagsins og skoða þau fjölmörgu námskeið sem eru í boði á vorönn.

Talandi um námskeið þá er líka vert að minnast á námskeið sem í boði eru hjá SÍMEY, en okkar félagsmenn geta farið þar á fjölmörg námskeið sér að kostnaðarlausu.

Ég bendi öllum áhugasömum að kíkjá inn á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf. Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Tryggva varaformann félagsins.

Þann 1. janúar sl. urðu breytingar á endurgreiðsluhlutfalli hjá fræðslusjóðunum Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt gagnvart námi sem hefst eftir þann tíma. Hjá Landsmennt var hlutfallið hækkað úr 80% í 90%, þó að hámarki 130.000 kr. á ári.

Hjá Ríkismennt og Sveitamennt var ákveðið að falla frá hlutfallsstyrkjum til einstaklinga og veita alltaf 100% styrki, þó að hámarki 130.000 kr. á ári.

Stjórnir sjóðanna þriggja ákváðu einnig að einstaklingur geti átt uppsafnaðan rétt til tveggja ára eins og til þriggja ára. Þetta þýðir að félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu tvö ár eiga rétt á styrk allt að kr. 260.000. Þeir sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á allt að kr. 390.000,- eins og verið hefur fyrir eitt samfellt nám eða námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins. Uppsafnaður réttur skerðist ekki hafi félagismaður fengið styrk undir kr. 50.000,- á tíma uppsöfnunar. Sá styrkur kæmi þó til frádráttar frá hámarki.

Mínar síður félagsins hafa fengið góða móttökur og hvet ég ykkur öll til að nýta ykkur þær. Þar inni er t.d. hægt að skoða og sækja rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði og hvetjum við alla til að sækja um þessa styrki á rafrænan hátt.

Þarna inni má líka sjá ýmsar upplýsingar um viðkomandi félagsmann, skoða punktastöðu sína vegna úthlutana, skoða og panta eða sækja um orlofshús og séð greiðslur frá vinnuveitanda til félagsins.

Mjög mikilvægt er að athuga hvort bankaupplýsingar séu rétt skráðar og á það sama við um síma og netfang. Það er mjög mikilvægt að þessar upplýsingar séu rétt skráðar í kerfi félagsins til að geta greitt út vegna umsókna í sjúkrasjóð og fræðslusjóði og eins Félagsmannasjóði. Við viljum líka senda á ykkur ef þarf mikilvægar upplýsingar, t.d. varðandi kosningar um samninga og slíkt.

Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna inn á Mínar síður þá er starfsfólk félagsins auðvitað boðið og búið að aðstoða ykkur.

Í gegnum Mínar síður félagsins komist þið einnig inn á orlofsvefinn þar sem áfram verður hægt að kaupa niðurgreidda rafræna ferðaávvísun sem gildir á fjölmörg hótél og gistiheimili um land allt og í ýmsar gönguferðir. Þá verður áfram hægt að kaupa niðurgreidd útilegu- og/eða veiðikort á vefnum.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun eins og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Í boði eru þrjár ferðir hjá félaginu í ár. Skráning stendur yfir og hefur hún farið vel af stað. Síðast þegar ég vissi var uppselt í ferðina til Færeyja og nokkur nöfn komin á biðlista. Kíkið endilega á heimasíðu félagsins og til að fá nánari upplýsingar um hvert og hvenær þessar ferðir verða.

Í október var tekið í notkun nýtt hús félagsins í Húsafelli.

Orlofsblaðið mun koma út í mars, í ár verður það rafrænt, og verður áfram gott úrval sumarhúsa í boði. Áfram verður boðið upp á Orlof að eigin vali. Styrkurinn í ár verður 27.000 kr. og verða í boði 300 styrkir eins og áður. Sækja þarf um orlofshúsin og styrkinn í gegnum Mínar síður félagsins í síðasta lagi 2. apríl nk.

Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks.

Félagið er með virka síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu. Það er ekkert sem bannar ykkur að deila henni þannig að fleiri félagsmenn viti af henni svo það væri vel þegið ef þið gerðuð það.

45. þing ASÍ, eða framhald af því, fór fram í apríl í Reykjavík og átti félagið þar 10 fulltrúa. Tveir þeirra komu úr okkar stjórn deild, ég og Tryggvi starfsmaður deildarinnar. Á þinginu var m.a. stefna sambandsins til næstu tveggja ára mörkuð auk þess sem ný forysta var kjörin.

9. þing SGS fór fram í október og átti félagi þar 20 fulltrúa, þar af voru sex úr okkar stjórn, ég, Baldvin, Elsa Hrönn, Steinþór, Seinbjörn og svo starfsmaður deildarinnar hann Tryggvi.

Umræður um kjaramál voru áberandi á þinginu enda var annasamur kjarasamningavetur framundan. Samþykktar voru sjö ályktanir á þinginu og má finna þær allar á heimasíðu félagsins.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að minna á að á skrifstofu félagsins á Akureyri eru fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði með aðstöðu, þær, Helga Þyri, Katla, Kristín og Nicole. Þær voru starfsmenn Einingar-Iðju en frá 1. febrúar sl. urðu þær starfsmenn VIRK. Þær starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu.

Tvær þeirra eru með fastar viðverur á skrifstofum félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð einu sinni í viku.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Til að eiga rétt á þjónustunni þarf einstaklingur að vera með vottaðan heilsubreyst frá lækni í formi vottorðs eða beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK. Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

Ég vil þakka Berki sem nú lætur af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil þakka stjórninni fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkyrningu og þá ekki síst Tryggva Jóhannssyni, starfsmanni deildarinnar. Takk fyrir.